

Nd.

257. Nefndarátt

um frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað allnákvæmlega frv. þetta á þskj. 9 og breytingartill. við frv. á þskj. 182.

Frv. á þskj. 9 er samhljóða frv. því, er var samþ. við 2. umr. í efri deild árið 1923. Hafði allsherjarnefnd Ed., sem hafði málið til meðferðar, gert nokkrar breytingar á frv. stjórnarinnar, sem þá var lagt fyrir Alþingi. Gengu breytingar þessar aðallega í þá átt, að rýmka skilyrðin um sjerleyfin úr fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl, þegar farið er fram á að virkja úr því fallvatni minna en 500 hestöfl (sbr. 4. gr. 18. lið og 12. gr. 7. lið frv.).

Þá hafði allsherjarnefnd efri deildar 1923 lagt til að rýmka sjerleyfis-skilyrðin á þann hátt, að sjerleyfistíminn yrði lengdur um 10 ár, eða úr 65 árum (stjfrv. 1923) upp í 75 ár, og að árgjald það, sem upphaflega er ákveðið, skuli haldast óbreytt í 35 ár, í stað 25 ár (sbr. 11. gr. og 12. gr. 4. lið frv.).

Nefndin var sammála um að mæla með frv. og telur rjett, að lög verði sett um skilyrði fyrir virkjun vatnsorku í stærri stíl.

Nefndin hefir athugað brit. á þskj. 182 og var ósammála um þær flestar. Hafa nefndarmenn því óbundin atkvæði um þær. Þó er öll nefndin sammála um að mæla með 9. brtt. á þskj. 182.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. 18. lið:
Í stað »hestatala« komi: hestaflatatala.
2. Við 21. gr. 1. lið:
Upphaf greinarinnar orðist svo:
Ef maður er settur til eftirlits.

Alþingi, 29. mars 1925.

Magnús Torfason,
form.

Jón Kjartansson,
frsm.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Bernharð Stefánsson.

Árni Jónsson.